



480.fundur Þingvallanefndar

Miðvikudagur 25. nóvember 2020

Kl.11:30 Fjarfundur um tölvu.

Mættir: : Vilhjálmur Árnason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson, Páll Magnússon og Karl Gauti Hjaltason. Hanna Katrín Friðriksson og Ari Trausti Guðmundsson boða forföll.

Einnig sátu fundinn Þjóðgarðsvörður Einar Á. E Sæmundsen og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð þessa.

Vilhjálmur Árnason varaformaður setur fund og stýrir dagskrá.

Dagskrá:

1. Sumarhúsamál-lóðaleigusamningar. Gestur: Lilja Jónasdóttir lögmaður.

Farið yfir lóðaleigusamninga. Umræðu frestað til næsta fundar.

2. Önnur mál

Þjóðgarðsvörður kynnir fyrir nefndinni að undirbúningsvinna sé hafin vegna bústaðar í þjóðgarðinum sem mun gegna því hlutverki að vera aðstaða fyrir fræðimenn og listamenn til að vinna að sínum verkefnum.

Þjóðgarðsvörður upplýsir nefndina um að Skipulagsnefnd uppsveita hafi fengið forkynningu á vinnu vegna deiliskipulags. Deiliskipulagið fékk ágætar viðtökur og stefnt að öðrum kynningarfundum í byrjun desember með öðrum umsagnaraðilum. Stefnt er að því að deiliskipulagið fari í hefðbundið umsagnar- og kynningarferli eftir áramót.

Fundi slitið kl 12:30